

149
17. okt.

REGLUGERÐ

um gjalddaga iðgjalda til atvinnuleysistryggingasjóðs.

1. gr.

Gjalddagi iðgjalda þeirra, sem lögð eru á af skattyfirvöldum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins, er á manntalsþingi ár hvert. Gjalddagi iðgjalda þeirra, sem ríkissjóði og ríkisstofnunum ber að greiða og álögð eru af skattyfirvöldum og innheimt af Tryggingastofnun ríkisins, er þegar manntalsþing er háð í Reykjavík.

2. gr.

Gjalddagi iðgjalda þeirra, sem greiða ber vegna lögskráðra sjómanna, er við lögskráningu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árið 1956 skal gjalddagi iðgjalda þeirra, sem um ræðir í 1. gr. reglugerðar þessarar, vera 1. nóvember.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

150
2. maí

REGLUGERÐ

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

Í menntaskólum og Kennaraskóla Íslands	kr. 30.35
– Íþróttakennaraskólanum, Húsmæðrakennaraskólanum, Vélskólanum og Stýrimannaskólanum	— 28.35
– gagnfræðaskólum og iðnskólum	— 26.30
– Málleysingjaskólanum	— 21.25
– húsmæðraskólum og barnaskólum	— 19.80

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

Laun stundakennara í þeim skólum, sem eigi eru hér greindir, en styrks njóta úr ríkissjóði eða eru reknir af ríkinu, skulu ákveðin í samráði við fræðslumála-stjórnina.

2. gr.

Verði breyting á hámarkskenndustundafjölda kennara frá því, sem nú er ákveðið í lögum og reglugerðum skólanna hvers um sig, breytast stundakennaralaunin í sama hlutfalli, þó þannig, að jafnan standi á heilum eða hálfum tug aura.

3. gr.

Á laun þau, er um ræðir í 1. gr., skal greiða verðlagsuppbót.

150

2. maí

4. gr.

Prófdómarar njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 22. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi og skal greiða stundakennaralaun samkvæmt henni frá 1. janúar 1956. Samtímis eru úr gildi felld eldri reglugerðarákvæði um laun stundakennara.

Í menntamálaráðuneytinu, 2. maí 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUR STEFS

151

19. júní

— Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar — um úthlutun á tekjum fyrir upptökuréttindi.

Í framhaldi af reglum þeim, er STEF setti um úthlutun á tekjum fyrir flutning tónverka og staðfestar voru af menntamálaráðuneytinu 17. febrúar 1953, gilda jafnframt eftirfarandi reglur um úthlutun á tekjum fyrir upptökurétt:

I.

Tekjum frá Ríkisútvarpinu eða öðrum aðilum fyrir upptökur til eigin afnota eingöngu skal án frekari sundurliðunar úthlutað sem viðbót við heildarúthlutun fyrir flutningsrétt og samkvæmt sömu reglum og fyrir flutningsréttinn.

Aðrar tekjur innheimtar fyrir upptöku, sölu eða leigu eða margföldun á upp-tökum samkvæmt gjaldskrá STEFs fyrir upptökuréttindi, dagsettri 19. marz 1953, og birtri í Lögbirtingablaðinu nr. 21, 46. ár 21. marz 1953, úthlutast og skiptist á milli eigenda réttarins eftir sömu reglum og skráðar eru með töflu í kafla B, 3. málsgr., í téðum úthlutunarreglum fyrir skiptingu á tekjum flutningsréttar, en þó með undantekningum þeim, er nú skal greina:

- a. Sé tónsmíð eða útsetning óvernduð, skal úthluta tekjum af upptökurétti verksins, að frádregnum kostnaði, 100% til viðeigandi rétthafa í $\frac{1}{4}$ eða $\frac{1}{2}$ eða $\frac{3}{4}$ eða $\frac{1}{10}$ eða $\frac{1}{12}$ hlutum, allt eftir því, sem við á í téðri töflu.
- b. Útsetjari að vernduðu tónverki fær samkvæmt alþjóðavenjum engar greiðslur frá STEFi fyrir upptökuréttinn. Þau tónskáld eða umboðsmenn þeirra, sem